



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS ÁRSSKÝRSLA 2007



Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2007

Stjórn:

Jónas Jónsson, Kálfholti, formaður
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, varaformaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, ritari
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum

Varastjórn:

Kristinn Jónsson, Staðarbakka
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I
Björn Harðarson, Holti I
Guðmundur Jónsson, Reykjum

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Arnór Karlsson, Reykholti
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III

Varaskoðunarmenn:

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum
Sveinbjörn Jónsson, Stóru-Mörk I

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Friðrik Eysteinnsson, markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjaröðs hf.

Umsjón: Fjármáladeild SS

Hönnun: Think á Íslandi ehf.

Mynd á kápu: Hjörtur Guðnason (Langholtskot í Hrunamannahreppi)

Prentvinnsla: Think á Íslandi ehf.

Prentað á umhverfisvænan pappír



ÁRSSKÝRSLA 2007

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.
101. starfsár
AÐALFUNDUR 28. MARS 2008

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Afkoma ársins.....	2
Rekstur megindeilda	3
Lykiltölur úr samstæðureikningi.....	8
Ársreikningur	9
Áritun óháðra endurskoðenda.....	10
Skýrsla stjórnar.....	11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Sjóðstreymi.....	15
Skýringar með ársreikningi.....	16
Félagsdeildir og formenn	30
Starfshættir SS.....	31



ÁVARP FORSTJÓRA



Rekstur Sláturfélagsins sýndi batamerki á síðasta ári þó enn vanti nokkuð á að eðlilegri arðsemi eigin fjár sé náð. Árið var að mörgu leyti hagstætt kjötframleiðendum og aðstæðum má líkja við seljendamarkað á leið til jafnvægis.

Í lok nóvember eignaðist SS allt hlutfé Reykjagarðs hf. og er þar með hægt að ganga enn lengra í að samþætta rekstur félaganna til að ná fram hámarks hagkvæmni. Að því er unnið.

Seinni hluta þessa árs verður afgreiðsludeild framleiðsluvara flutt frá Reykjavík til verksmiðjunnar á Hvolsvelli. Þessi tilfærsla mun lækka verulega kostnað við tiltekt og afgreiðslu vara og mun fjárfesting vegna flutningsins skila sér hratt.

Undanfarið misseri hefur verið unnið að undirbúningi fjölda verkefna sem miða að því að efla og styrkja starfsumhverfi innan fyrirtækisins. Markmiðið er að hver og einn njóti sín við störfín og eigi þess kost að sýna sitt besta. Við viljum að keppnisandi og gleði ríki á vinnustaðnum og sú gleði skili sér í þeim vörum sem við seljum og þeirri þjónustu sem við veitum.

Alvarleg ógnun steðjar að innlendum kjötmarkaði og fellst hún í afnámi útflutningssskyldu lambakjöts sem fella á niður eftir þetta ár. Ef ekkert verður að gert eða leiðir finnast til að sinna erlendum mörkuðum með sameiginlegum hætti er viðbúið að umframmagn á innanlandsmarkaði muni verðfella kjötmarkaðinn með geigvænlegum afleiðingum fyrir innlenda kjötframleiðendum.

Staða Sláturfélagsins er mjög sterk. Bæði fjárhagslega og markaðslega. Mikil sóknarfæri eru til staðar og forgangur settur á að nýta styrkleika félagsins til arðbærs vaxtar.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjagarðs hf.

Á árinu 2007 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 132,7 mkr. en var 23,4 mkr. árið áður.

Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2007 voru 5.472,4 mkr. en 5.043,1 mkr. árið áður. Velta félagsins jókst því um 8,5% frá fyrra ári.

Vöru- og umbúðanotkun var 2.540,3 mkr. og hækkaði um 1,4% frá fyrra ári. Laun og tengd gjöld námu 1.480,4 mkr. og hækkuðu um 14,0% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 1.020,9 mkr. og hækkuðu um 13,8% frá fyrra ári. Afskriftir voru 239,3 mkr. en voru 228,5 mkr. árið áður.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 225,9 mkr. en var 154,0 mkr. árið áður. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 123,5 mkr. en árið áður 158,7 mkr. Gengistap nam 8,8 mkr. samanbúið við 89,9 mkr. gengistap árið áður. Hagnaður af sölu hlutabréfa var 4,2 mkr. en 5,3 mkr. árið áður. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 24,6 mkr. en árið áður um 22,8 mkr. Hagnaður af rekstri ársins var 132,7 mkr. en 23,4 mkr. árið áður.

Í árslok 2007 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 4.527,1 mkr. og hækkuðu um 21,2% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 2.968,2 mkr. og hækkuðu um 22,3%. Veltufjármunir voru 1.559,0 mkr. og höfðu hækkað um 19,0%.

Eigið fé var 1.613,8 mkr. og hafði hækkað um 3,2% eða 49,5 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2007 var 35,6% en var 41,9% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 2.024,3 mkr. og skammtímaskuldir voru 889,0 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 19% voru skammtímalán, 45% voru langtímalán og skuldbindingar og eigið fé 36%. Veltufjárlutfall var 1,8 í árslok 2007, en var 1,5 í árslok 2006. Arðsemi eigin fjár var 8,4% á árinu 2007, en 1,5% árið 2006.



Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 680,1 mkr. á árinu, en fyrir 290,6 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 455,5 mkr., þar af tæpar 250 mkr. vegna kaupa á lóð við Hádegismóa í Reykjavík, 188,5 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum og 36,1 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir varanlegir rekstrarfjármunir fyrir 32,2 mkr.

Veltufé frá rekstri var 337,6 mkr. árið 2007, samanborið við 364,5 mkr. árið 2006.

Í árslok 2007 störfuðu 407 starfsmenn hjá Sláturfélaginu sem er fjölgun frá árinu áður er þeir voru 397. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 519 á launaskrá. Unnir ársverk 2007 voru 441 og hafði fjölgað um 11 frá árinu áður er þau voru 430.

Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 1,95 í árslok 2007, sama og í upphafi árs.

AFURÐIR

SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 16. ágúst og var slátrað 11.606 kindum. Þann 17. september hófst haustslátrun á Selfossi og lauk 29. nóvember. Haustslátrun var alls 92.148 kindur en önnur slátrun var 1.220 kindur. Alls var slátrað 104.974 kindum á árinu sem gera 1.665 tonn af innvegnum kjöti, og af þeim voru 4.201 kind heimtekin. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,3 kg, en árið 2006 var hann 15,5 kg.

Á árinu 2007 voru flutt út tæplega 301 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.143 tonn á móti 1.212 tonnum árið áður.

NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2007 var 925 tonn af 5.404 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 30 tonn. Þetta er 163 tonna aukning frá fyrra ári.


Heildarsala nautakjöts á árinu 2007 var 899 tonn en var 737 tonn árið 2006.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2007 var 349,0 mkr. en var 265,6 mkr. árið 2006.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 7 tonn í árslok en árið áður voru birgðir 4 tonn.



Sauðfjárslátrun 1907 – 2007



HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2007 var 240 tonn af 1.647 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 4 tonn. Þetta er 26 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2007 var 22,0 mkr. en var 19,4 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2007 var 252 tonn á móti 133 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 139 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok rúmlega 18 tonn en voru 30 tonn árið 2006.

SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2007 var 599 tonn af 7.747 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 48 tonn. Þetta er 69 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 161,6 mkr. en var 134,7 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2007 var 552 tonn sem er 66 tonnum meira en árið 2006.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru engar í árslok eins og árið áður.


KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2007 var 2.807 tonn. Þetta er 496 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2007 var 2.768 tonn sem er 554 tonnum meira en árið áður.

Birgðir kjúklinga í árslok voru 127 tonn en voru 111 tonn árið áður.

Nautgripaslátrun 1907 – 2007



	SLÁTURFJÖLDI		Br. milli ára	
	2007	2006	stk	%
Sauðfé	104.974	105.487	(513)	(0,5%)
Nautgripir	5.404	4.495	909	20,2%
Hross	1.647	1.728	(81)	(4,7%)
Svín	7.747	6.782	965	14,2%
Kjúklingar	1.910.401	1.569.170	341.231	21,7%

AFURÐAÐEILD

Starfsemi afurðadeildar einkenndist af of litlu framboði af gripum frá bændum og mikilli eftirspurn eftir kjöti og sá þess merki í flestum kjöttegundum. Samkeppni ríkti því um allar tegundir sláturfénaðar. Sá þess einkum stað í nautgripum framan af ári til hausts. Félagið greiddi hæsta verð sláturleyfishafa fyrir nautgripi og jókst slátrun þeirra umtalsvert. Sömuleiðis var félagið leiðandi í greiðslum til bænda fyrir sauðfé og svín með háu verði og staðgreiðslu. Fjöldi nýrra innleggienda sá því hag sínum best borgið hjá leiðandi og traustum sláturleyfishafa. Samt sem áður voru sláturhús félagsins verulega vannýtt. Umhugsunarefni er hvort slíkt er til hagsbóta fyrir greinina þegar til lengri tíma er litið þegar útflutningsskylda kindakjöts fellur niður og frjálsræði í innflutningi landbúnaðarafurða fer vaxandi.

Eftir breytt regluverk varðandi innflutning hrossakjöts á Japansmarkað var nauðsynlegt að finna nýjar leiðir í afsetningu. Félagið hóf samstarf við nýjan aðila og hefur það samstarf leitt af sér talsverðan og vaxandi útflutning á ferskum hrossaafurðum. Vonir standa til að þróa megi þessi viðskipti enn frekar.

Ný tækni og nýtt verklag var áfram þróað við slátrun, frágang og frýstingu sauðfjárafurða og skilaði það umtalsverðum árangri. Gerðar voru endurbætur á sauðfjárlínu, í kjötskurði og í frýstingu sem juku afköst, bættu vinnuástandi og gæði afurða. Gærur voru að nýju handsaltaðar á Selfossi og fluttar út jafnóðum.

Félagið hóf að nýju útflutning á fersku lambakjöti til Bandaríkjanna í sláturtíð eftir nokkurt hlé. Þær aðferðir sem félagið þróaði við vinnslu og frágang útflutningsvöru skiluðu sér í ánægju kaupandans, Whole Foods verslanakeðjunnar, sem þekktur er fyrir háa gæðavitund og miklar kröfur til birgja. Stefnt er að tvöföldun þessa útflutnings á næsta ári. Að Bandaríkjamarkaði undanskildum fór stærstur hluti útflutts kindakjöts til Noregs og Danmerkur.


Eins og áður naut félagið góðs af störfum fjölda útlendinga í sláturtíð. Hópur atvinnuslátrara frá Nýja-Sjálandi vann við slátrunina í bland við kjarna Íslendinga, vaxandi hóp Pólverja og fólk af ýmsum þjóðernum.

Sumarslátrun sauðfjár hófst síðar en áður og var það m.a. liður í viðleitni til að nýta sláturhús betur fyrri hluta september. Slátrað var á fullum afköstum frá miðjum september fram í fyrstu viku nóvember. Vetrarslátrun var svo hjá félaginu fram í byrjun desember. Svo virðist sem áhugi bænda á slátrun utan hefðbundinnar sláturtíðar fari minnkandi og dvínandi eftirspurn er erlendis eftir fersku kjöti í ágúst og nóvember. Það má því búast við enn frekari samþjöppun sláturtíma í komandi sauðfjársláturtíð.


Heimsmarkaðsverð á lambagörnum var enn í sögulegu lágmarki og því óarðbært að flytja þá afurð út og er það miður.

Opinberir skoðunarmenn bandarískra stjórnvalda og Evrópusambandsins gerðu úttektir á sláturhúsinu á Selfossi. Einnig komu eftirlitsmenn á vegum Whole Foods verslanakeðjunnar. Þrátt fyrir miklar og vaxandi kröfur stóðst húsið þær vel. Kröfur til útflutningshúsa fara vaxandi og áfram þarf að leggja í kostnað til að uppfylla öll skilyrði.

Hrossaslátrun
1907 – 2007



Svínaslátrun
1907 – 2007



AÐRAR DEILDIR

Helstu vörulínur kjötiðnaðarins gengu vel á markaði á liðnu ári. Má þar nefna vínarpylsur, kryddlegið kjöt, fjölbreytta áleggslínu og 1944 réttina. Þá hefur framleiðsla á skólamáltíðum og öðrum tilbúnum matarlausnum vaxið og dafnað.

Vörupróun er lykilþáttur í starfsemi félags á samkeppnismarkaði. Allmargar nýjungar litu dagsins ljós á árinu og nutu flestar velgengni hvort sem var á almennum neytendavörumarkaði eða á markaði stórnotenda.

Unnið var markvisst að því að fækka vöruliðum og hætta framleiðslu vara sem seljast svo lítið að þær eru óhagkvæmar í framleiðslu.

Mönnun kjötvinnslunnar einkenndist eins og undanfarin ár af þensluástandi í þjóðfélaginu. Stór hluti



starfsmanna er af erlendu bergi brotinn, en lykilstöður mannaðar fagfólki og fólki með áralanga reynslu úr iðnaðinum.

Fjórðfest var í nýjum tækjabúnaði er miðar að því að halda kjötvinnslunni á Hvolsvelli áfram í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar.

Það er metnaður félagsins að reka öflugustu og best tækjum búnu kjötvinnslu landsins. Góður tækjabúnaður, gott hráefni, fagmennska, ásamt góðu starfsfólki skipar vinnslu félagsins á Hvolsvelli þann sess. Samkvæmt skoðanakönnunum borða Íslendingar SS pylsur og vörumerki SS njóta óskoraðs trausts neytenda. Það er keppikefli félagsins að bjóða íslenskum neytendum hér eftir sem hingað til aðeins úrvals matvörur.

Sláturfélag Suðurlands varð þess heiðurs aðnjótandi að vera valið fyrirtæki ársins á Suðurlandi af héraðsblaðinu Dagskránni. Það er félaginu, eigendum þess og starfsfólki mikill heiður og hvatning til að gera enn betur.

Hýsing á matvælahluta innflutningsdeildar var á árinu fluttur frá Fosshálsi í vörúhótel Eimskips þaðan sem vörunni er dreift beint til kaupenda af Flytjanda. Deildin sem flytur inn heimspekkvörumerki frá gæðaframleiðendum gekk vel á árinu og eftir flutning í vörúhótelinu eru henni engin takmörk lengur sett varðandi frekari vöxt.

Innflutningur á áburði gekk vel á árinu. Gæði YARA áburðar eru heimspekkvörumerki og er þessi þáttur í starfsemi félagsins vaxandi. Miklar hækkunar áttu sér stað á hráefnum til áburðarframleiðslu á haustdögum sem leiddi til verulegra hækkana á tilbúnum áburði. Gæði og nýting áburðar skipta sérstaklega miklu máli þegar verð er eins hátt og nú.

Á árinu hófst innflutningur á kjarnfóðri í samstarfi við Dansk Landbrugs Growareselskab (DLG). DLG er stærsti framleiðandinn á kjarnfóðri í Danmörku með um 29.000 bændur sem félagsmenn. DLG er með um 46% markaðshlutdeild á kjarnfóðri í Danmörku auk þess að flytja út kjarnfóður. Í fyrstu voru fluttar inn tvær kúablöndur sem hafa verið aðlagðar séríslenskum aðstæðum með tilliti til steinefnaþarfar auk einnar ungfálfablöndu og nautgripablöndu sem nýtist á lokastigi eldis. Reynsla þeirra bænda sem nýtt hafa kjarnfóðrið eru einstaklega góðar. Einn fóðurbíll er komin í notkun og með vorinu bætast við fleiri flutningstæki þannig að hægt sé að anna eftirspurn bænda eftir úrvals kjarnfóðri. Einnig hillir nú undir að umdeildur fóðurskattur 3,90 kr/kg verði felldur niður sem gerir Sláturfélaginu kleyft að keppa á jafnréttisgrundvelli við þá fóðursala sem fyrir eru.

REYKJAGARÐUR HF

Félagið eignaðist síðla árs Reykjararð alveg en félagið hefur verulegan hluta starfsemi sinnar á Suðurlandi. Með tilkomu Reykjararðs í samstæðu Sláturfélagsins er félagið líklega stærsti atvinnurekandi á Suðurlandi. Afkoma Reykjararðs var ágæt á árinu, mikil söluaukning enda hefur neysla kjúklinga vaxið hér á landi gríðarlega á undanfönum árum. Hagrætt hefur verið í rekstri Reykjararðs m.a. með byggingu nýrra eldishúsa á Ásmundarstöðum auk þess sem tækjabúnaður í starfstöðinni á Helli hefur verið endurnýjaður. Vöruþróun hefur verið mikil hjá Reykjararði og Holta vörumerkið mjög sterkt í hugum neytenda sem tákna um gæði.



FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALPUNGI DILKA

	2007		2006	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	3.540	16,3	3.203	15,8
Hörghlandsdeild	3.857	15,2	4.541	15,5
Kirkjubæjardeild	6.000	15,9	5.852	15,9
Skafartungudeild	3.721	15,0	3.898	15,4
Álftavers- og Meðallandsdeild	4.627	14,5	4.503	14,6
Hvammsdeild	3.315	15,8	3.203	16,0
Dyrhóladeild	2.958	14,6	2.772	14,9
A-Eyjafjalladeild	2.237	15,9	2.166	15,8
V-Eyjafjalladeild	3.815	15,1	3.734	15,4
A-Landeyjadeild	2.704	14,7	2.428	14,4
V-Landeyjadeild	3.271	14,7	3.194	15,2
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	5.418	15,2	5.265	15,3
Rangárvalladeild	4.324	15,0	4.819	15,2
Holta- og Landmannadeild	3.800	15,0	4.274	15,1
Ása- og Djúpárdeild	3.499	14,6	3.334	15,3
Gaulverjabæjardeild	394	16,3	474	15,6
Árborgardeild	712	16,8	666	17,3
Hraungerðisdeild	1.343	17,2	1.388	16,9
Villingaholtsdeild	1.303	15,9	1.277	15,9
Skeiðadeild	1.584	15,5	1.563	15,6
Gnúpverjadeild	1.823	17,1	1.753	17,2
Hrunamannadeild	4.113	16,0	4.356	16,3
Biskupstungnadeild	565	18,5	395	17,7
Laugardalsdeild	838	16,5	821	16,6
Grímsnesdeild	3.378	14,4	3.419	15,5
Pingvalla- og Grafningsdeild	3.745	14,5	3.696	15,2
Ölfusdeild	1.456	14,4	1.494	15,1
Kjósardeild	3.314	15,6	3.434	15,6
Hvalfjarðardeild	4.783	15,0	4.818	15,2
Borgarfjarðar- og Mýrardeild	5.910	15,0	5.588	14,7
Daladeild	5.644	15,3	6.166	15,8
Snæfells- og Hnappadalsdeild	4.795	15,6	5.797	16,0
Utan deilda	2.188	15,9	1.196	15,7



LYKILTÖLUR

	Samstæða 2007	Samstæða 2006	Samstæða 2005	Samstæða 2004	Samstæða 2003
Rekstur					
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	5.472,4	5.043,1	4.866,5	4.434,7	3.487,8
Aðrar tekjur	34,4	41,3	27,9	10,4	6,7
Vöru- og umbúðanotkun	(2.540,3)	(2.505,8)	(2.500,4)	(2.210,4)	(1.941,6)
Laun og tengd gjöld	(1.480,4)	(1.298,6)	(1.178,7)	(1.110,4)	(846,3)
Annar rekstrarkostnaður	(1.020,9)	(897,5)	(800,4)	(809,5)	(496,9)
Afskriftir	(239,3)	(228,5)	(220,4)	(216,0)	(154,8)
Rekstrarhagnaður	225,9	154,0	194,5	98,8	54,9
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(123,5)	(158,7)	(48,5)	(24,4)	(32,4)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	4,2	5,3	184,9	44,3	0,0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	24,6	22,8	12,5	(17,1)	(57,4)
Hagn. (tap) fyrir aðra liði	131,2	23,4	343,4	101,6	(34,9)
Tekju- og eignarskattur	1,5	0,0	0,0	(0,1)	(2,6)
Hagnaður (tap) ársins	132,7	23,4	343,4	101,5	(37,5)
Veltufé frá rekstri	337,6	364,5	355,3	144,7	189,0
Efnahagur 31. desember	2007	2006	2005	2004	2003
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	2.968,2	2.426,1	2.355,5	2.313,5	1.775,3
Veltufjármunir	1.558,9	1.309,9	1.222,2	1.335,5	1.069,4
Eignir samtals	4.527,1	3.736,0	3.577,7	3.649,0	2.844,7
Eigið fé	1.613,8	1.564,3	1.572,6	1.263,0	1.189,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	420,9	407,7	383,8	380,5	409,1
Langtímaskuldir	2.024,3	1.319,7	1.360,0	1.653,9	906,8
Skammtímaskuldir	889,0	852,0	645,1	732,1	748,1
Skuldir samtals	2.913,3	2.171,7	2.005,1	2.386,0	1.654,9
Eigið fé og skuldir samtals	4.527,1	3.736,0	3.577,7	3.649,0	2.844,7
Kennitölur					
EBITDA	465,2	382,5	414,9	314,8	209,7
Innra virði	3,8	3,8	4,1	3,3	2,9
Veltufjárhlutfall	1,8	1,5	1,9	1,8	1,4
Eiginfjárhlutfall	36%	42%	44%	35%	42%
Ársverk					
Unnin ársverk	441	430	415	431	344



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

Ársreikningur samstæðunnar

2007

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjagarðs hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé og sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, efnahag hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 22. febrúar 2008

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson, endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson, endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sláturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við lög og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Arnór Karlsson

Kristján Mikkelsen

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjaráðs hf. sem Sláturfélagið á nú að öllu leyti.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2007 132 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 4.527 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 1.614 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 36%.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 241 millj.kr. og eiga 2.230 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.228 árið áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 567 hluthafa og fækkaði þeim um 4 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs. Guðmundur A. Birgisson með 31,85% hlut og Ólafur Í. Wernersson með 22,76% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 9,96% hlut í B-deild stofnsjóðs eða 19,9 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 15,86% arður af B-deild og reiknaðir 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta. Sláturfélagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallar um stjórnhætti fyrirtækja svo sem um óháða stjórnarmenn og kaupréttarákvæði, þar sem þær í veigamiklum atriðum, taka ekki mið af starfsháttum samvinnufélaga.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2008

Stjórn

Jónas Jónsson, formaður
Aðalsteinn Guðmundsson
Hreiðar Grímsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri

Steinþór Skúlason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur	3	5.472.435	5.043.092
Aðrar tekjur		34.421	41.250
Vöru- og umbúðanotkun		(2.540.366)	(2.505.763)
Laun og tengd gjöld	4	(1.480.379)	(1.298.592)
Annar rekstrarkostnaður		(1.020.914)	(897.500)
Afskriftir	10	<u>(239.268)</u>	<u>(228.456)</u>
Rekstrarhagnaður		225.929	154.031
Fjármunatekjur	6	82.009	82.511
Fjármagnsgjöld	7	(205.506)	(241.215)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	13	4.176	5.296
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	13	<u>24.608</u>	<u>22.754</u>
Hagnaður fyrir aðra liði		131.216	23.377
Tekjuskattur	8	<u>1.515</u>	<u>0</u>
Hagnaður ársins		<u>132.731</u>	<u>23.377</u>
Skipting hagnaðar			
Hagnaður móðurfélags		98.237	19.966
Hagnaður minnihlutaeigenda	2	<u>34.494</u>	<u>3.411</u>
		<u>132.731</u>	<u>23.377</u>
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða	9	0,32	0,06

Fjárhæðir eru í þús. kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007

Eignir	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	2.723.110	2.301.481
Viðskiptavild	12	120.632	0
Eignarhlutar í félögum	13	101.224	84.000
Skuldabréfaeign	15	23.195	40.664
		<u>2.968.161</u>	<u>2.426.145</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	16	1.055.279	902.085
Skuldabréfaeign		4.542	6.200
Viðskiptakröfur	17	413.193	341.265
Aðrar skammtímakröfur	17	62.379	36.416
Handbært fé	17	23.558	23.931
		<u>1.558.951</u>	<u>1.309.897</u>
Eignir		<u>4.527.112</u>	<u>3.736.042</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild		240.822	227.671
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	18	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		97.164	87.340
Annað eigið fé		936.629	876.763
		<u>1.613.800</u>	<u>1.530.959</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	2	0	33.363
Eigið fé		<u>1.613.800</u>	<u>1.564.322</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	19	1.966.977	1.273.114
Tekjuskattsskuldbinding	20	11.987	0
Eftirlaunaskuldbinding	21	45.300	46.600
		<u>2.024.264</u>	<u>1.319.714</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	22	441.689	258.979
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	22	310.159	221.272
Næsta árs afborganir langtímaskulda	22	137.200	371.755
		<u>889.048</u>	<u>852.006</u>
Skuldir		<u>2.913.312</u>	<u>2.171.720</u>
Eigið fé og skuldir		<u>4.527.112</u>	<u>3.736.042</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á EIGIN FÉ FÉLAGSINS

Eigið fé

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006	203.677	180.074	159.111	85.343	914.438	1.542.643
Stofnsjóðsinnngreiðslur A-deild	5.576				(3)	5.573
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(8.162)					(8.162)
Vextir af stofnsjóði A-deildar	26.580				(29.532)	(2.952)
Arður af stofnsjóði B-deildar					(26.111)	(26.111)
Hagnaður meirihlutaeigenda					19.968	19.968
Tillag í varasjóð				1.997	(1.997)	0
Eigið fé 31.12.2006	227.671	180.074	159.111	87.340	876.763	1.530.959
Stofnsjóðsinnngreiðslur A-deild	6.312				(5)	6.307
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(7.504)					(7.504)
Vextir af stofnsjóði A-deildar	14.343				(15.937)	(1.594)
Arður af stofnsjóði B-deildar					(12.605)	(12.605)
Hagnaður meirihlutaeigenda					98.237	98.237
Tillag í varasjóð				9.824	(9.824)	0
Eigið fé 31.12.2007	240.822	180.074	159.111	97.164	936.629	1.613.800

Eigið fé minnihlutaeigenda

	31.12.2007	31.12.2006
Yfirfært frá fyrra ári	33.363	29.952
Hlutdeild í afkomu ársins	34.494	3.411
Hlutdeild minnihluta keypt	(67.857)	0
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélags	0	33.363

Fjárhæðir eru í þús. kr.

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	18	132.731	23.377
Afskriftir	10	239.268	228.455
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		10.155	140.392
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	2	(24.608)	(22.754)
Söluhagnaður fastafjármuna		(17.161)	(2.505)
Aðrir liðir		(2.815)	(2.500)
		<u>337.570</u>	<u>364.465</u>
Veltufé frá rekstri			
Vörubirgðir, (hækkun)		(153.194)	(213.898)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun)		(100.296)	(62.975)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		91.290	(84.184)
		<u>175.370</u>	<u>3.408</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(680.113)	(290.574)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		32.202	4.437
Breyting á eignarhlutum í félögum	13	(181.897)	(5.022)
Arður frá hlutdeildarfélögum	13	18.467	16.976
Skuldabréfaeign, breyting		20.375	3.531
		<u>(790.966)</u>	<u>(270.652)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán við lánastofnanir, hækkun		182.713	209.821
Nýjar langtímaskuldir		819.484	479.733
Afborganir langtímaskulda		(371.579)	(577.736)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	18	(2.790)	(5.540)
Arður af stofnsjóði B-deildar	18	(12.605)	(26.111)
		<u>615.223</u>	<u>80.167</u>
(Lækkun) handbærs fjár		(373)	(187.077)
Handbært fé í upphafi árs		<u>23.931</u>	<u>211.008</u>
Handbært fé í lok árs		<u>23.558</u>	<u>23.931</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsólustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla og áburðar.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofu, markaðs- og söludeildir ásamt dreifingu á öllum framleiðsluvörum félagsins og innflutningi. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu.

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Á þessu ári hefur Sláturfélag Suðurlands svf. innleitt staðalinn IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar, sem er virkur fyrir ársuppgjör sem byrja á eða eftir 1. janúar 2007, ásamt breytingum á IAS 1 Framsetning reikningsskila.

Áhrif af innleiðingu IFRS 7 og breytingum á IAS 1 eru auknar kvaðir um veitingu upplýsinga um áhrif fjármálagerninga félagsins og þá áhættu sem þeim tengist, ásamt upplýsingum um fjármagnsuppyggingu félagsins.

Fjórar túlkanir gefnar út af alþjóðlegu fastanefndinni um túlkanir (IFRIC) urðu virkar á núverandi reikningsskilatímabili. Það eru IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29, Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir, IFRIC 8 Gildissvið IFRS 2, IFRIC 9, Endurmat innbyggðra afleiða og IFRIC 10, Árschlutauppgjör og virðisrýrnun. Innleiðing þessara túlkana hefur ekki leitt til neinna breytinga í reikningsskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi staðlar verið samþykktir en ekki tekið gildi:

IAS 23 - (endurbættur) Lántökukostnaður (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)

IFRS 8 - Starfsþáttaryfirlit (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)

Við samþykkt þessa ársreiknings hefur IFRIC samþykkt eftirfarandi túlkanir, en þær hafa ekki tekið gildi.

IFRIC 11 - IFRS 2: Samstæða og eignarhlutatengdar greiðslur (tekur gildi 1. mars 2007)

IFRIC 12 - Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga (tekur gildi 1. janúar 2008)

IFRIC 13 - Tryggðarkerfi viðskiptavina (tekur gildi 1. júlí 2008)

IFRIC 14 - IAS 19, Takmörkunin á réttindatengdum eignum og kvaðir um lágmarksfjármögnun (tekur gildi 1. janúar 2008)

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing ofangreindra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að fjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósentu sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er félagið með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigutaka. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%. Samstæðan kemur ekki til með að greiða tekjuskatt vegna ársins 2007 vegna yfirfæranlegs taps.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Kostnaðarverð að teknu tilliti til hrakvirðis er afskrifað á áætluðum nýtingartíma. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi. Stjórnendur yfirfara mat á hrakvirði og nýtingartíma á hverjum reikningsskiladegi.

Verðýrning

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna og metið hvort vísbending sé um eignir hafi orðið fyrir virðisýrningun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisýrningunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir. Viðskiptavild er metin a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisýrnun hefði aldrei verið færð. Þetta á þó ekki við um viðskiptavild, virðisýrnun vegna viðskiptavildar er aldrei bakfærð.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir aðferð virkra vaxta.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna rekstrar, en ekki markaðs- eða fjárfestingaverðbréf.

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á þeirri virðisýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda yfir lánstíma miðað við virka vexti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

Starfspáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er einsleit og felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Starfspáttayfirlit samtæðunnar er birt eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru sala innanlands.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:

	2007	2006
Sala innanlands	5.275.519	4.908.117
Sala erlendis	196.916	134.975
	<u>5.472.435</u>	<u>5.043.092</u>

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2007	2006
Laun	1.222.176	1.070.995
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	258.203	227.597
	<u>1.480.379</u>	<u>1.298.592</u>

Meðalfjöldi starfa	441	430
--------------------------	-----	-----

Launakjör stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig.

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutir í B-deild
Jónas Jónsson, stjórnarformaður	1.015	10
Aðrir stjórnarmenn (fjórir)	1.918	239
Steinþór Skúlason, forstjóri	21.390	1.172
Forstöðumenn megindeilda Sláturfélagsins og Reykjagarðs (fjórir)	47.072	0
	<u>71.395</u>	<u>1.421</u>

5. Þóknun til endurskoðenda

	2007	2006
Endurskoðun ársreiknings	3.877	2.849
Könnun árshlutareikninga	1.193	1.187
Önnur þjónusta	894	713
Kjörnir skoðunarmenn	264	240
	<u>6.228</u>	<u>4.989</u>

6. Fjármunatekjur

	2007	2006
Vaxtatekjur	68.673	71.915
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign	3.414	6.159
Arður af hlutabréfaeign	9.922	4.437
	<u>82.009</u>	<u>82.511</u>

7. Fjármagnsgjöld

	2007	2006
Vaxtagjöld	(39.468)	(9.842)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(157.239)	(141.501)
Gengismunur	(8.799)	(89.872)
	<u>(205.506)</u>	<u>(241.215)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

8. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2008 vegna yfirfæranlegs skattalegs rekstrartaps hjá samstæðunni. Yfirfæranlegt tap nemur um 505 millj.kr.

9. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hverja krónu útstandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við stöðu A- og B-deildar stofnsjóða, að frádregnum eigin bréfum Sláturfélagsins í B-deildinni, í upphafi og lok ársins. Stofnsjóðirnir eru lagðir saman og er þannig fengin út meðalstaða þeirra og er meðalstöðu stofnsjóða síðan deilt upp í hagnað ársins. Hagnaður á hlut á árinu 2007 er 0,32 og var 0,06 á árinu 2006.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2006	2.796.192	2.009.773	146.999	4.952.964
Eignfært á árinu	122.544	140.564	27.466	290.574
Selt og aflagt á árinu	0	(11.447)	(16.906)	(28.353)
Staða í árslok 2006	2.918.736	2.138.890	157.559	5.215.189
Eignfært á árinu	455.519	188.496	36.098	680.113
Selt og aflagt á árinu	(54.389)	(15.045)	(48.573)	(118.007)
Staða í árslok 2007	3.319.866	2.312.341	145.084	5.777.291
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2006	1.267.999	1.365.155	73.218	2.706.372
Afskrift ársins	85.983	130.930	11.543	228.456
Selt og aflagt á árinu	0	(10.805)	(10.319)	(21.124)
Staða í árslok 2006	1.353.982	1.485.280	74.442	2.913.704
Afskrift ársins	84.801	139.642	14.825	239.268
Selt og aflagt á árinu	(45.594)	(15.045)	(38.152)	(98.791)
Staða í árslok 2007	1.393.189	1.609.877	51.115	3.054.181
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2006	1.528.192	644.615	73.781	2.246.588
Bókfært verð í árslok 2006 / ársbyrjun 2007	1.564.754	653.610	83.117	2.301.481
Bókfært verð í árslok 2007	1.926.677	702.464	93.969	2.723.110
Afskriftarhlutföll	2-4%	12-20%	8-15%	

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	1.903.320	4.102.130
Vélar og tæki, eignatryggingar		1.877.373
Aðrar lausafjártryggingar		65.453
Rekstrarstöðvunartrygging		1.659.885

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 996 millj.kr. í árslok 2007. Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veð og skuldbindingar eru 1.312 millj.kr.

11. Kaup á dótturfélagi

Félagið keypti í nóvember 49% eignarhluta minnihluta í dótturfélaginu Reykjagarði hf. og á eftir kaupin 100% í því félagi. Bókfært verð eigna og skulda Reykjagarðs hf. var endurmetið í gangverð á kaupdegi og yfirfært hlutfallslega á keyptan eignarhlut og er það sem ekki var úthlutað eignfærð sem keypt viðskiptavild að fjárhæð 121 millj.kr. meðal fastafjármuna.

12. Viðskiptavild

	2007	2006
Bókfært verð í ársbyrjun	0	0
Eignfært á árinu	120.632	0
Virðisrýrnun	0	0
Bókfært verð í árslok	120.632	0

13. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Reykjagarður hf, Reykjavík	100,00%	100.000	Sala á kjúklingum
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Holt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	8.000	Sala á salati
Birtill ehf., Reykjavík	50,00%	5.000	Innflutningur
Förgun ehf., Selfoss	35,00%	7.000	Förgun á úrgangi
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Guldfoss AS, Danmörku	100,00%	6600 dkr.	Sala á lambakjöti í Danmörku

Hagnaður af félögum sem eru hlutdeildarfélög nam 24,6 millj.kr. á árinu 2007. Starfsemi Guldfoss AS er óveruleg. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 18,5 millj.kr. á árinu 2007. Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

14. Eignarhlutar í félögum

	2007	2006
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	88.156	72.574
Eignarhlutar í öðrum félögum	13.068	11.426
	101.224	84.000

Fjárhæðir eru í þús.kr.

SKÝRINGAR

15. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	2007	2006
Staða í ársbyrjun	46.547	46.918
Ný bréf á árinu	4.010	2.500
Innborganir á árinu	(24.282)	(5.846)
Verðbætur	1.248	2.975
Staða í árslok	27.523	46.547
Næsta árs afborgun.....	(4.328)	(5.883)
	<u>23.195</u>	<u>40.664</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	Vextir í %	2007	2006
Verðtryggð bréf	4,1-7,5%	21.678	43.470
Óverðtryggð bréf	17,9%	5.845	3.077
Staða í árslok		<u>27.523</u>	<u>46.547</u>

16. Vörubirgðir

	31.12.2007	31.12.2006
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	828.635	715.348
Rekstrarvörur	73.670	78.276
Ýmsar birgðir	152.974	108.461
	<u>1.055.279</u>	<u>902.085</u>
Tryggingaverðmæti birgða	1.055.279	902.085

17. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2007	31.12.2006
Innlendar viðskiptakröfur	444.649	372.452
Áætluð virðisrýrnun krafna	(31.456)	(31.187)
	<u>413.193</u>	<u>341.265</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2007	31.12.2006
Fyrirframgreiddur kostnaður	13.877	5.749
Fyrirframgreitt búnaðargjald	0	27.978
Virðisaukaskattur	17.499	0
Aðrar kröfur	31.003	2.689
	<u>62.379</u>	<u>36.416</u>

Handbært fé

	31.12.2007	31.12.2006
Sjóður og bankainnstæður	23.558	23.931

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

18. Eigið fé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B- deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundraðshluti af viðskiptaupphæð hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar.

Stofnsjóður A-deild greinist þannig:

	31.12.2007	31.12.2006
Stofnsjóður í ársbyrjun	227.671	203.677
Vextir af stofnsjóði A-deildar	14.343	26.580
Stofnsjóðsgreiðslur í A-deild	(1.192)	(2.586)
	<u>240.822</u>	<u>227.671</u>

Stofnsjóður B-deild greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok	(9,96%)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2007 var greiddur út 7% arður af B-deild, 12,6 millj.kr. og reiknaðir 7% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, 15,9 millj.kr.

19. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir í %	31.12.2007	31.12.2006
Skuldir í CHF	4,3-4,6%	381.566	249.990
Skuldir í EUR	6,3-6,4%	352.642	195.059
Skuldir í JPY	2,5-2,7%	285.370	121.388
Skuldir í USD	6,5-6,9%	281.439	196.150
Skuldir í GBP	8,0-8,1%	12.811	43.742
Skuldir í myntkörfu	2,5-8,1%	19.215	28.536
		<u>1.333.043</u>	<u>834.865</u>
Verðtryggð lán í ÍSK	2,3-9,7%	771.135	810.004
		<u>2.104.178</u>	<u>1.644.869</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(137.201)	(371.755)
Langtímaskuldir í árslok		<u>1.966.977</u>	<u>1.273.114</u>

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2007	31.12.2006
Skuldir við lánastofnanir	2.052.706	1.582.066
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga	19.215	29.217
Skuldir við aðra	32.257	33.587
	<u>2.104.178</u>	<u>1.644.870</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2007	31.12.2006
Afborganir 2008 / 2007	137.201	371.755
Afborganir 2009 / 2008	118.431	100.734
Afborganir 2010 / 2009	316.547	83.286
Afborganir 2011 / 2010	268.989	299.494
Afborganir 2012 / 2011	105.031	249.866
Afborganir síðar	1.157.979	539.734
	<u>2.104.178</u>	<u>1.644.869</u>

20. Frestaður skattur

	31.12.2007	31.12.2006
Staða í ársbyrjun	0	0
Tekjuskattsskuldbinding vegna kaupa á Reykjagarði hf.	13.502	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007	(1.515)	0
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008	<u>0</u>	<u>0</u>
Staða í árslok	<u>11.987</u>	<u>0</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	11.987	0
	<u>11.987</u>	<u>0</u>

21. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við þrjá fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 45,3 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2019.

22. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2007	31.12.2006
Skammtímaskuldir við banka	430.182	235.794
Áfallnir vextir langtímalána	11.507	23.185
	<u>441.689</u>	<u>258.979</u>

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	31.12.2007	31.12.2006
Viðskiptaskuldir	170.251	80.205
Samþykktir vixlar	0	13.460
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda	40.411	32.185
Ógreitt vegna virðisaukaskatts	69.116	78.733
Ýmsar skuldir	30.381	16.689
	<u>310.159</u>	<u>221.272</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2007	31.12.2006
Skuldir við lánastofnanir	119.471	347.354
Fjármögnunarleigusamningar	13.433	18.549
Aðrar langtímaskuldir	4.296	5.852
	<u>137.200</u>	<u>371.755</u>

23. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Vaxtaáhætta

Fjármögnun félagsins byggist að mestu leyti upp á langtímaskuldum sem bera breytilega vexti. Félagið býr því við þá áhættu að hækkandi vextir muni leiða til hækkunar á vaxtakostnaði vegna fjármögnunar.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 25 og 50 punkta hækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	2007		2006	
	25 pkt	50 pkt	25 pkt	50 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.	(6.226)	(12.451)	(4.568)	(9.136)

Gengisáhætta

Stærstur hluti af fjármögnun félagsins er í erlendri mynt en á móti erlendri fjármögnun á félagið einnig bankainnstæður í erlendri mynt. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi taka til kaupgengis en ársflökt er reiknað út frá meðalgengi.

	Árlokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
	2007	2006	2007	2006	2007
Mynt					
EUR	90,95	94,35	87,60	87,75	12,54%
GBP	124,0	140,6	128,1	128,8	12,36%
JPY	0,552	0,603	0,544	0,601	19,77%
CHF	54,96	58,71	53,33	55,77	14,83%
DKK	12,19	12,65	11,76	11,76	12,55%
NOK	11,41	11,42	10,94	10,90	13,00%
USD	61,85	71,66	64,00	69,81	14,13%

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Gengisáhætta 31.12.2007

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	17.942	375.846	(357.904)
GBP	135	12.812	(12.677)
JPY	287	286.558	(286.271)
CHF	136	383.778	(383.642)
DKK	27	607	(580)
NOK	1.808	0	1.808
USD	36	284.579	(284.543)
	<u>20.371</u>	<u>1.344.180</u>	<u>(1.323.809)</u>

Gengisáhætta 31.12.2006

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	16.619	226.257	(209.638)
GBP	54	43.794	(43.740)
JPY	1	122.139	(122.138)
CHF	0	251.071	(251.071)
DKK	5.040	2.335	2.705
NOK	10.467	0	10.467
USD	594	200.517	(199.923)
	<u>32.775</u>	<u>846.113</u>	<u>(813.338)</u>

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting þeirra undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar um 2,5% og 5% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.

	2,5%	5%	2,5%	5%
EUR	(7.337)	(14.674)	(4.298)	(8.595)
GBP	(260)	(520)	(897)	(1.793)
JPY	(5.869)	(11.737)	(2.504)	(5.008)
CHF	(7.865)	(15.729)	(5.146)	(1.294)
DKK	(12)	(24)	55	111
NOK	37	74	215	429
SEK	0	0	14	28
USD	(5.833)	(11.666)	(4.098)	(8.197)
CAD	6	11	0	0
	<u>(27.133)</u>	<u>(54.265)</u>	<u>(16.659)</u>	<u>(24.319)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Útlánaáhætta

Stefna félagsins varðandi útlánaáhættu er sú að að hafa þætti sem hana varða í eðlilegu samhengi við heildarefnahag félagsins. Gagna er aflað um skuldara eins og mögulegt er áður en til útlána er stofnað en útlán eru tryggð þegar talin er ástæða til þess.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú staða sem er sundurliðuð hér að neðan.

Sundurliðun á eignum sem tengjast útlánaáhættu í þús.kr.	Bókfærð staða	
	31.12.2007	31.12.2006
Skuldabréfaeign	27.737	46.864
Viðskiptakröfur	413.193	341.263
Aðrar kröfur	62.379	36.416
Handbært fé	23.558	23.931
	<u>526.867</u>	<u>448.474</u>

Lausafjrárhætta

Eftirfarandi er yfirlit yfir lausafjrárstöðu félagsins um áramót. Athuga þarf að birgðastaða félagsins er mjög misjöfn eftir mánuðum og birgðir eiga eftir að lækka verulega fram á haustið, þegar næsta sláurtíð hefst.

	Innan árs	2-5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2007				
Vaxtaberandi skuldir	578.889	808.998	1.157.979	2.545.866
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi	248.299	0	0	248.299
	<u>827.188</u>	<u>808.998</u>	<u>1.157.979</u>	<u>2.794.165</u>
Eignir 31.12.2007				
Handbært fé	23.558	0	0	23.558
Viðskiptakröfur	413.193	0	0	413.193
Aðrar kröfur	62.379	0	0	62.379
Skuldabréfaeign	4.542	8.561	14.634	27.737
	<u>503.672</u>	<u>8.561</u>	<u>14.634</u>	<u>526.867</u>
Nettó staða 31.12.2007	<u>(323.516)</u>	<u>(800.437)</u>	<u>(1.143.345)</u>	<u>(2.267.298)</u>
	Innan árs	1-5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2006				
Vaxtaberandi skuldir	630.734	733.380	539.734	1.903.848
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi	221.272	0	0	221.272
	<u>852.006</u>	<u>733.380</u>	<u>539.734</u>	<u>2.125.120</u>
Eignir 31.12.2006				
Handbært fé	23.931	0	0	23.931
Viðskiptakröfur	341.265	0	0	341.265
Aðrar kröfur	36.416	0	0	36.416
Skuldabréfaeign	6.200	0	0	6.200
	<u>407.812</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>407.812</u>
Nettó staða 31.12.2006	<u>(444.194)</u>	<u>(733.380)</u>	<u>(539.734)</u>	<u>(1.717.308)</u>

Fjárhæðir eru í þús.kr.

24. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Gjaldmiðlasamningar í lok árs 2007, fyrir utan efnahagsreikning, eru að verðmæti um 24 millj.kr.

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga vegna bifreiða sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Eftirstöðvar samninganna í árslok 2007 nemur 21 millj.kr. og koma um 9,7 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

25. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 22. febrúar 2008.

FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2007

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðni Már Sveinsson, Melhóli
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Pórir Jónsson, Selalæk 3
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólfs saga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Birkir Ármannsson, Brekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
ÁRBORGARDEILD	Guðmundur Lárusson, Stekkjum 2
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Ingvar Hjálmarsson, Fjalli 2
GNÚPVERJADEILD	Hörður Harðarson, Laxárdal
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADDEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
PINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Haldór Kristjánsson, Stíflisdal
ÖLFUSDEILD	Haldór Guðmundsson, Hvammi
KJÓSARDEILD	Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum
HVALFJARÐARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
DALADEILD	Kjartan Jónsson, Dunki
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Sigurður Þ. Helgason, Hraunholtum

STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

